

## *Spegill, spegill herm þú mér... Ríkjandi umræða og kynlífsreynsla íslenskra unglunga*

Kynhegðun unglunga hefur verið áberandi umræðuefni í íslensku samfélagi að undanfögnu. Í þessari umræðu er gengið út frá því að breytingar hafi orðið á kynhegðun unglunga, sem samfélagði álitur oft á tíðum vera “óheilbrigða”. Margir hafa velt því fyrir sér hver sé ástæðan fyrir þessari breyttu kynhegðun og vilja tengja hana við hina svokölluðu “klámvæðingu” sem hefur gengið yfir landið á undanfögnu árum. Með klámvæðingunni, hefur kynlíf verið gert að neysluvöru í íslensku samfélagi. Því verður varla neitað að öll umræða um kynlíf hefur orðið mun háværrari í nútíma samfélagi. Í dag virðast unglungar fá upplýsingar um kynlíf og kynhegðun frá fleiri áhrifavöldum en áður. Skipulögð kynfræðsla í skólum og af hendi foreldra er bara brot af þeim upplýsingum sem unglungar fá um kynlíf í dag. Þessar breytingar sem hafa átt sér stað í íslenskri unglungamenningu eru ekkert einsdæmi. Í vestrænum samfélögum hafa börn og unglungar fengið allskyns “óbeina” fræðslu í gegnum hina ýmsu fjölmiðla, þá ekki síst með tilkomu Internetsins. Það eru hins vegar ekki allir sammála um notagildi þessarar fræðslu og í hugum margra felur þetta í sér ranghugmyndir um hvað telst vera “eðlilegt” kynlíf.

Það er áhugavert að velta fyrir sér hvaða breytingar hafa átt sér stað á kynhegðun íslenskra unglunga. Í fjölmiðlum er greint frá því að ýmiskonar “tilraunastarfsemi” er orðin mun algengari í kynlífi ungs fólks en áður fyrr. Munnmök, endaparmsmök, hópkyllíf og annað í þeim dúr virðist í auknum

mæli tengjast kynlíf unglunga. Að mati sumra er ekki hægt að sjá með góðu móti hvenær vilji einstaklingsins er virtur í þessum efnum, þar sem of mörg dæmi eru um að einstaklingar á öllum aldri komi inn á Neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis. Haustið 2001 birtist grein á vefsíðu Action.is sem nefndist “Hópkynlíf unglunga”. Í þessari grein segja þrjár ungar stúlkur frá því hvað sé í “raun og veru” að gerast í svæsnustu partíum borgarinnar þar sem kynlíf og eiturlyf ráða ríkjum. Í þessum partíum eru ungar stúlkur fengnar til að taka þátt í hinum ýmsu kynlífs athöfnum með strákum og fá að “launum” ókeypis eiturlyf og áfengi. Samkvæmt þessari grein eru stelpurnar á aldrinum 13 – 16 ára en strákarnir 17 – 24 ára. Greinahöfundur virtist hafa mestan áhuga á því hvað fengi þessar stelpur til að taka þátt í slíkri hegðun, og spurði meðal annars: “Hvers vegna fáíð þið ykkur ekki bara kærasta”? En hvert ert raunverulegt áhyggjuefni þjóðarinnar í tengslum við kynlíf unglunga? Að mínu mati eru nauðsynlegt að velta því fyrir sér hvernig umræðan um kynhegðun íslenskra unglunga hefur mótast. Í þeirri umræðu sem hefur átt sér stað vekur hin “óheilbrigða kynhegðun” ungra stelpna miklar áhyggjur í samfélaginu. Stelpur eru álitnar vera fórnarlömb lítisvirðingar sem sé skaðleg sjálfsmynda þeirra. Kynhegðun unglingsstráka er talin vera mótuð af klámmyndum en þó ekki talin óheilbrigð fyrir þeirra sjálfsmat. En hvaða áhrif hefur þessi ríkjandi umræða á hugmyndir unglunga um kynlíf?

Amy Schalet, bandarískur félagsfræðingur hefur gert samanburðarrannsókn á viðhorfi bandarískra og hollenskra foreldra til kynhegðun unglunga. Þar kemur fram að viðhorf foreldra hafi mikil áhrif á

Það hvernig unglingar upplifi og skilgreini kynlíf, og að viðhorf til kynhegðunar unglunga er mjög menningarbundin. Samkvæmt niðurstöðum Schalles telja bandarískir foreldrar unglingsárin vera tímabil sem einkennist af hormónabreytingum og taumlausri kynhvöt. Það virðist vera almennt mat bandarískra foreldra að þeirra hlutverk sé að hafa taumhald á þessari óæskilegri hegðun barna sinna í von um að þessu ljúki sem allra fyrst. Kynhegðun hollenskra unglunga er talin vera eðlilegur þáttur í þroska þeirra, og hollenskir foreldrar leggja mikið uppúr því að fræða börnin sín um mikilvægi ástar í þessu samhengi. Schalet segir að hollenskir foreldrar leggi metnað í það að ræða um kynlíf við börnin sín og takast á við þessi málefni á raunsæjan hátt. Hún bendir á að þrátt fyrir að hollenskir og bandarískir unglingar byrji að stunda kynlíf á svipuðum aldri, eða í kringum 16 ára aldur, eru bandarískar unglíngastelpur 9 sinnum líklegri til að verða óléttar en þær hollensku. Í ljósi þess hve hlutfall ungra mæðra er hátt á Íslandi og að fóstureyðingar hjá íslenskum ungum konum er með því hæsta sem tíðkast á Norðurlöndunum, er áhugavert að velta fyrir sér hvert sé viðhorf íslenskra foreldra til kynhegðunar unglunga? Viðhorf samfélagsins til kynhegðunar unglunga virðast fremur líkast því sem viðgengst í Bandaríkjunum en í Hollandi af ofangreindri umræðu að dæma.

Lokaritgerð mín sem fjallar um hvernig íslenskri unglingar eru að hátt kynlífi sínu í tengslum við kynímynd sína, er byggð á viðtölum við 15 einstaklinga, á aldrinum 15 – 18 ára um reynslu þeirra af kynlífi. Viðmælendur mínir greindu frá því að í dag væri talað um kynlíf unglunga

sem eitthvað gróft og óheft fyrirbæri. Slík umræða geri það að verkum að unglingar eiga oft erfitt með að ræða um þessi mikilvægu málefni við foreldra sína. Þeir unglingar sem ég ræddi við sögðust helst fá upplýsingar um kynlíf frá jafnöldrum sínum og fjölmiðlum, frekar en frá foreldrum eða skóla. Mikilvægi þess að getað fengið “réttar upplýsingar” um kynlíf var þeim hjartans mál og greindu sumir frá því að þeir hefðu óskað þess að einhver hefði getað undirbúið þau fyrir þessa reynslu. Í rannsókn minni höfðu 10 af þeim 15 einstaklingum sem ég ræddi við, haft kynmök. Ein stúlka missti meydóminn þegar hún var 11 ára gömul, tveir strákar voru 12 ára þegar þeir misstu sveindóminn, ein stelpa og tveir strákar voru þrettán ára þegar þau höfðu kynmök í fyrsta sinn, þrjár stúlkur voru fjórtán ára og ein fimmtán ára þegar þær misstu meydóminn. Ég tel hins vegar að þessi dæmi teljist til undantekninga og trúi því að meðalaldur unglinga við fyrstu kynmök sé enn í kringum 15 ára aldur eins og fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á. Hins vegar getum við ekki litið framhjá þeirri staðreynd að “unglingar” allt niður í 11 – 12 ára aldur eru farin að stunda kynlíf.

Af þeim unglingum sem byrjuðu einna yngstir að stunda kynlíf, 11- 13 ára, sögðust flestir sjá eftir því. Algengasta ástæðan fyrir fyrstu kynmökum var “Bara það gerðist óvart, ég vissi ekki alveg hvað ég var að gera”. Samkvæmt mínum viðmælendum virðist sem unglingsstelpur séu undir meiri þrýstingi að byrja að stunda kynlíf en strákar. Þessi þrýstingur, hins vegar, kemur ekki frá strákum heldur vinkonum. Einn viðmælandi minn greindi mér frá því að þegar hún var fimmtán ára gömul höfðu flestar

vinkonur hennar þegar byrjað að stunda kynlíf. Ástæðan fyrir því að hún ákvað að missa meydóminn var vegna þess þrýstings sem hún varð fyrir af hendi vinkvenna sinna að “prófa að gera það því það væri svo ógeðslega gott og gaman”. Allar þær stelpur sé ég ræddi við greindu frá því að fyrsta eða réttara sagt fyrstu kynlífsreynslur þeirra væru minningar sem þær vildu helst gleyma. Sumar greindu frá því að þær hafi grátið í gegnum fyrsta skiptið og sumar jafnvel ekki getað “farið alla leið” vegna sársauka. Þessar lýsingar voru ekki einungis bundnar við þær stelpur sem misstu meydóminn á unga aldri, heldur einnig þeirra sem voru eldri. Mínir viðmælendur sögðu mér að það teldist “eðlilegt” fyrir stelpur að upplifa sársauka í stað ánægju í fyrstu skiptin, en það væri okey, því að eftir nokkur skipti myndi það lagast eins og einn viðmælandi minn komst að orði. Samkvæmt mínum niðurstöðum er fyrsta kynlífsreynsla stelpna tengd við sársauka en ekki ánægju. Á hinn bóginn, lýstu allir strákar sinni fyrstu kynlífsreynslu sem ánægjulegri stund og einhverju sem þeir vildu helst drífa sig að gera sem fyrst aftur.

Kynhegðun íslenskra unglinga hefur breyst töluvert á undanförunum árum. Því miður hafa engar aðrar rannsóknir verið gerðar á því efni sem ég tók fyrir í minni rannsókn. En það þarf ekki að líta langt um öxl og rifja upp unglingsárin og þá umræðu sem átti sér stað um kynlíf meðal jafnaldra. Sú breyting sem hefur átt sér stað stafar ekki bara af hinni svokölluðu “klámvæðingu” eins og sumir myndu vilja halda fram. Í dag er kynlíf orðið samofið daglegei menningu og í meira mæli orðið sýnilegra. Viðmælendur mínir sögðu að þeim þættu þær breytingar sem hafa átt sér stað að

undanförnu vera af hinu góða. Hins vegar tóku sumir þeirra fram að birtingarform kynlífs í klámmyndum og í Hollywood kvikmyndum sé að gefa ungu fólki ranghugmyndir um það hvað telst vera “eðlilegt” kynlíf.

Ein af þeim breytingum sem hefur átt sé stað í íslenski unglíngamenningu er aukin áhersla á “frelsi til að velja”. Þetta frelsi er meðal annars skilgreint út frá því að hverjum og einum sé gefinn þess kostur að ákveða hvenær hann eða hún vilji byrja að stunda kynlíf. Viðmælendur mínir sögðu það vera mikið baráttuefni meðal unglínga að vera gefinn þess kostur að velja hvenær og með hverjum þau stundi kynlíf. Þó er þetta frelsi ekki byggt á jafnréttisgrundvelli. Kynhegðun stelpna er ennþá talin vera eitthvað sem þurfi að halda í skefjum. Þær stúlkur sem eru kenndar við að sofa mikið hjá eru iðulega stimplaðar druslur eða hórur. Þessi stimpill virðast festast á þeim. Kynhegðun stráka er að jafnaði ekki fordæmd á sama hátt og strákum er iðulega leyft að háttu sínu kynlífi eftir eigin hentisemi. Einn af viðmælendum mínum sagði að hann vildi helst vera með stelpum sem kynnu eitthvað fyrir sér í rúminu. Þegar ég spurði hann hve “reynd” hún mætti vera, þá sagðist hann ekki vilja vera með neinni druslu. Sjálfur sá hann ekkert athugasvert við það að hann væri duglegur við að sofa hjá því hann væri laus og liðugur. Sú umræða sem hefur átt sér stað að undanfögnu um kynhegðun unglínga í íslensku samfélagi endurspeglar þetta viðhorf að mörgu leiti. Kynhegðun unglíngstelpna er í brennidepli fjölmiðla þar sem greint er frá því hvernig ungar stúlkur haga sínu kynlífi á gjarnan “óábyrgan” og “óheilbrigðan hátt”.

Við tölum um að standa vörð um æskuna og ein af yfirskriftum þessa málþings er “frelsi”. Ég tel það vera grundvallar mannréttindi að tryggja unglingum það frelsi að fá að njóta og bera ábyrgð á sínu kynlífi á jafnréttisgrundvelli. Til þess að það sé unnt, verðum við að leggja grunninn að því að sú fræðsla sé til staðar sem hefur það til viðmiðunar að bæði kynin hafi ánægju af kynlífi. Ef við viljum stuðla að heilbrigðri kynhegðun unglunga verðum við að gefa þeim kost að njóta kynlífsins, því að sá einstaklingur sem veit hvað honum finnst gott veit jafnframt hvað honum finnst vont. Við komum í veg fyrir “óæskilega og skaðlega” kynhegðun ef við fræðum unglunga um heilbriggt kynlíf sem tekur mið af því að bæði kynin upplifi ánægju og vellíðan. Það er okkar hlutverk sem foreldrar og fyrirmyndir barna í þessu samfélagi að tryggja unglingum heilbriggt kynlífi. Með því að leggja áherslu á ánægju og vellíðan í kynlífi unglunga þar sem bæði kynin fá að njóta sín á eigin forsendum, verða þessi réttindi tryggð. Það er okkar hlutverk að standa vörð um þessi mikilvægu réttindi ungs fólks.